

Skólaárið 2017-2018

# Sjálfsmatskýrsla Árskóla júní 2018



Skólaárið 2017-2018

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Meginniðurstöður .....	4
Inngangur .....	6
Um Árskóla .....	7
Skólastefna Árskóla .....	9
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats.....	11
Sjálfsmat veturinn 2017-2018 .....	13
Innra mat á skólastarfi - starfsfólk.....	14
<b>Mat á gæðagreinum skv. Lestrarstefnu Skagafjarðar .....</b>	<b>14</b>
Lestrarstefna Skagafjarðar.....	14
<b>Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu <i>Hversu góður er grunnskólinn okkar?</i> .....</b>	<b>15</b>
Mat á gæðagreinini 2.1 Nemendavernd .....	16
Mat á gæðagreinini 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi .....	16
Mat á gæðagreinini 2.6 Samfella í skólastarfi .....	16
Mat á gæðagreinini 2.7 Samstarf.....	16
Mat á gæðagreinini 1.2 Forysta í skólastarfi .....	17
Mat á gæðagreinini 1.3 Breytingastjórnun.....	17
Mat á gæðagreinini 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun .....	17
Mat á gæðagreinini 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat .....	17
Mat á gæðagreinini 2.2 Skólanámskrá.....	18
Mat á gæðagreinini 2.4 Einstaklingsmiðun .....	18
Mat á gæðagreinini Teymiskennsla - Árskólagæðagreinir .....	19
Mat á gæðagreinini Olweusaráætlun - Árskólagæðagreinir .....	19
<b>Umbótaáætlun skólaársins 2017-2018 - starfsfólk.....</b>	<b>19</b>
Innra mat á skólastarfi - nemendur.....	23
<b>Mat á gæðagreinini um skólastarf í Árskóla .....</b>	<b>23</b>
Nemendagæðagreinir .....	23
<b>Umbótaáætlun skólaársins 2017-2018 - nemendur .....</b>	<b>24</b>
Innra mat á skólastarfi - foreldrar .....	26
<b>Mat á gæðagreinini - foreldragæðagreinir Árskóla.....</b>	<b>26</b>
Foreldragæðagreinir.....	26

<b>Umbótaáætlun skólaársins 2017-2018 - foreldrar .....</b>	<b>26</b>
Skólapúlsinn .....	27
<b>Skólapúlsinn foreldrar .....</b>	<b>28</b>
<b>Skólapúlsinn nemendur.....</b>	<b>28</b>
<b>Skólapúlsinn starfsfólk .....</b>	<b>30</b>
Árleg skimun, starfsfólk.....	30
Áætlun um sjálfmat 2018-2021.....	31
Viðaukar .....	33
<b>Viðauki I, árleg skimun starfsfólks.....</b>	<b>34</b>
<b>Viðauki II, einkunnaskali, <i>Hversu góður er grunnskólinn okkar?</i>.....</b>	<b>35</b>

## Meginniðurstöður

Í upphafi skólaárs var fagmennskuteymi sett á laggirnar sem hafði því hlutverki að gegna að sjá m.a. um áætlanir um sjálfsmat skólans skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, og að hafa eftirfylgni með mats- og umbótaáætlunum. Á síðastliðnu skólaári hafði reglubundið sjálfsmat að miklu leyti vikið fyrir vinnu starfsfólks að uppfærslu á námsmarkmiðum skólans og því var ákveðið að verja góðum tíma í að koma reglubundnu sjálfsmati á aftur meðal starfsfólks, nemenda og foreldra/forsjáraðila.

Foreldrar voru virkjaðir til þátttöku í mati á skólastarfinu á skólaárinu eftir nokkurt hlé. Stjórn foreldrafélagsins boðaði til fundar á vordögum þar sem hluti af fundartímanum fór í að meta einstaka þætti skólastarfsins með sjálfsmatsaðferð skólans. Fimm matshópar foreldra/forsjáraðila voru að störfum og gekk mats og umbótavinnan mjög vel og mikil jákvæðni ríkti hjá þátttakendum um að taka þátt í skólastarfinu með þessum hætti. Áform eru um að a.m.k. einn matsfundur með foreldrum verði haldinn árlega framvegis með þessum hætti.

Fjórða árið í röð var árleg viðhorfakönnun lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk í vefkerfi Skólapúlsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Ákveðið var að leggja könnun fyrir foreldra- og starfsmenn annað hvert ár framvegis og voru þær því ekki lagðar fyrir á þessu skólaári. Í könnunum Skólapúlsins er hægt er að skoða stöðu í einstökum þáttum skólastarfsins til samanburðar við skóla af sömu stærð á landsvísu svo og skoðað þróunina á milli ára innan skólans. Rýnt hefur verið í niðurstöður nemendakönnunar jafnt og þétt yfir skólaárið en hún er lögð fyrir fjórðung nemenda í hverjum árgangi fjórum sinnum yfir skólaárið. Heildarsamantekt nemendakönnunar er sett fram í þessari skýrslu.

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk skólans í lok skólaársins. Skimunin er ný og uppfærð og byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg, ásamt gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til á undanförunum áratug um fjölmarga þætti skólastarfsins. Heildarniðurstöður eru fremur jákvæðar um allflesta þætti skólastarfsins. Samkvæmt skimuninni þarf þó að skoða nokkra þætti sem betur mættu fara að mati starfsfólks og eru þeir dregnir fram í sér kafla í þessari skýrslu. Alls svöruðu 64 starfsmenn Árskóla skimuninni.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu. Áætlunin byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., og þeim gæðagreinum sem hafa sérstaklega verið búnir til um skólastarf í Árskóla.

## Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2018

Alls voru lagðir fyrir nítján gæðagreinir til mats og umbóta hjá starfsfólki skólans á skólaárinu. Matsþættirnir samanstóðu af gæðagreinum úr skoska sjálfsmatsefninu, gæðagreinum sem starfsfólk Árskóla hefur búið til og gæðagreinum úr Lestrarstefnu Skagafjarðar. Einn gæðagreinir var lagður fyrir til mats og umbóta meðal nemenda á mið- og unglingastigi og einn meðal foreldra/forsjáraðila. Heildareinkunnagjöf hvers matshóps má skoða hér á eftir. Í skýrslunni eru dregnir fram helstu styrkleikar í hverjum gæðagreinum sem þátttakendur í mati lögðu fram. Ennfremur eru umbótaáætlanir starfsfólks, nemenda og foreldra/forsjáraðila birtar í sér köflum í skýrslunni.

### Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf:

Matsfundur 31. okt.	Einkunnagjöf
gg. 2.1 Nemendavernd	5, 5
gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	6
gg. 2.6 Samfella í skólastarfi	5, 4, 4
gg. 2.7 Samstarf	5, 5, 5, 6

Matsfundur 28. nóv.	Einkunnagjöf
gg. 1.2 Forysta í skólastarfi	5, 5, 5
gg. 1.3 Breytingastjórnun	5, 5, 5
gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	5, 5, 5
gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	5, 5

Matsfundur 30. jan.	Einkunnagjöf
gg. 2.2 Skólanámskrá	5, 4, 5, 5
gg. 2.4 Einstaklingsmiðun	5, 5, 5, 5

Matsfundur 6. feb.	Einkunnagjöf		
	Yngsta stig	Miðstig	Unglingastig
Lestur og skilningur	5, mjög gott	5, mjög gott	4, gott
Lestrarhvetjandi umhverfi	5, mjög gott	4, gott	4, gott
Samstarf við heimilin	5, mjög gott	5, mjög gott	5, mjög gott
Samfella á milli skólastiga	5, mjög gott	Ekki lagt fyrir	Ekki lagt fyrir
Tvítyngi og fjöltyngi	4, gott	4, gott	4, gott
Einstaklingsmiðun	5, mjög gott	5, mjög gott	4, gott
Skimanir/matstæki	5, mjög gott	5, mjög gott	5, mjög gott

Matsfundur 13. mars	Einkunnagjöf
gg. Teymiskennsla - Árskólagæðagreinir	5, 5, 4, 5, 3, 5
gg. Olweusaráætlun - Árskólagæðagreinir	5, 5, 5

# Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2018

Matsfundir nemenda í mars og apríl	Bekkur	Einkunnagjöf
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	10. bekkur	4, 4, 3, 4, 4, 4, 4
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	9. bekkur	3, 5, 4, 3, 6
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	8. bekkur	4, 4, 4, 4, 2, 5, 3, 3
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	7. bekkur	5, 5, 5, 4, 4, 5, 4, 4, 5
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	6. bekkur	6, 4, 5, 5, 4, 4, 4, 3, 4
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	5. bekkur	5, 5, 5, 5, 5, 5

Matsfundur foreldra 2. maí	Einkunnagjöf
gg. Foreldragæðagreinir Árskóla	4, 5, 5, 5, 4

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins hér á eftir en einnig í ýtarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka II.

Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni <i>Hversu góður er grunnskólinn okkar?</i>
Einkunn 6 - <i>framúrskarandi</i>
Einkunn 5 - <i>mjög gott</i>
Einkunn 4 - <i>gott</i>
Einkunn 3 - <i>fullnægjandi</i>
Einkunn 2 - <i>slakt</i>
Einkunn 1 - <i>ófullnægjandi</i>

## Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram viddæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Sjá grunnskólalögin nánar [hér](#).

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalags, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast

greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Frá árinu 1999 hefur starfsfólk Árskóla byggt sjálfsmatið á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School*. Skotarnir hafa uppfært efnið nokkrum sinnum. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt *Gæðagreinar* í íslensku þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, *How good is our school 3, the journey to excellence*, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá *Gæðagreinar 2*. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, *How good is our school*, 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni á skólaárinu og á vormisseri var íslenska þýðingin *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* gefin út og í kjölfarið byrjað á því að meta skólastarf í Árskóla með þeirri útgáfu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

Sjálfsmatsvinna í gegnum Gæðagreinana er ein af grunnstoðum skólastarfs í Árskóla. Allir starfsmenn taka virkan þátt í matsvinnunni. Nemendur taka reglubundið þátt í mati á skólastarfinu. Stjórn nemendafélagsins hefur einnig tekið þátt í að búa til ný gæðaviðmið um skólastarf með sýn nemenda að leiðarljósi.

### Um Árskóla

Í lok skólaársins var nemendafjöldi í Árskóla samtals 343 í 1. – 10. bekk en nemendum er kennt saman í hverjum árgangi. Heildarfjöldi starfsmanna ýmist í hluta- eða fullu starfi var 79. Í

ársskýrslu skólans má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfmenn og stöðugildi. Í Árskóla starfa nemendur, kennarar og annað starfsfólk saman undir einkunnarorðum skólans *lifa, leika, læra*. Sérstaða skólans byggir á þessum einkunnarorðum. Rík hefð er fyrir list- og verkgreinakennslu. Skipar leiklistin þar veglegan sess. Allir nemendur eru þjálfaðir í að koma fram frá því í 1. bekk og eru árshátíðir nemenda allra bekkja hápunktur ársins hjá hverjum árgangi. Umsjónarkennarar hafa veg og vanda að uppsetningu leikverka með nemendum og öðru starfsfólki og leggjast allir á eitt um að hafa sýningarnar sem veglegastar og er umgjörðin, búningar og leikmynd jafnan glæsileg. Nemendur í 10. bekk setja á svið, árlega, leikverk í fullri lengd og sjá þá jafnan sjálfir um allt sem lýtur að umsýslu sýninganna s.s. sýningarstjórn, miðasölu, tæknimál o.s.frv. Þegar að frumsýningu er komið. Til margra ára hefur verið lögð mikil áhersla á danskennslu. Í nokkur misseri var hér starfandi danskennari og nemendur fengu leiðsögn í dansi vikulega. Góður grunnur nemenda í dansmennt hefur fylgt æ síðan og nú fá nemendur kennslu í dansi nokkrum sinnum yfir skólaárið. Stór þáttur í fjáröflun 10. bekkinga fer m.a. fram með dansmaráðuneyti, en sú hátíð er fjölsótt af bæjarbúum og taka nemendur á öllum aldri og gestir þátt í gleðinni.

Af öðrum viðburðum sem hefðir eru fyrir í skólastarfinu má t.d. nefna Árskóladaginn þar sem skólinn er opinn fyrir bæjarbúa þar sem nemendur og starfsfólk kynna skólastarfið með fjölbreyttum hætti en stór hluti af þeim degi er jafnframt helgaður því að gefa til baka til samfélagsins með því að safna fyrir góðum málstað. Eins má nefna þorrablót, íþróttadag, friðargöngu í upphafi aðventu, gleðigöngu í skólalok og fleira mætti telja. Nemendur í hverjum árgangi fara í skólaferðalag að vori, flestir í dagsferðir en nemendur í 7. bekk fara í þriggja daga ferð um Suðurland og nemendur 10. bekkja hafa frá upphafi stofnunar Árskóla farið í skólaferðalag til Danmerkur. Skólinn hefur verið virkur í samskiptum við erlenda skóla og er samstarfið við vinaskóla okkar í Köge, vinabæ Skagafjarðar, sterkt. Einnig hefur skólinn tekið þátt í nokkrum samstarfsverkefnum styrktum af Comeniusi á undanförunum misserum.

Á hverju skólaári vinnur starfsfólk saman að þróunarverkefnum og áhersla er lögð á að skapa virkt lærdómssamfélag í Árskóla. Í ár hafa nokkur þróunarverkefni verið í vinnslu. Þau eru m.a. þróunarverkefni í *upplýsinga- og tæknimennt*, verkefni um *fagmennsku starfsfólks*, *vinaliðaverkefni* sem er norskt að uppruna og snýr að virkni nemenda í frímínútum og verkefni í *Byrjendalæsi*. Um þessi verkefni má lesa í ársskýrslu Árskóla. Þróun teymiskennslu hefur verið í brennidepli á skólaárinu sem fyrir en þetta er fimmta skólaárið í röð sem nemendum er kennt í árgöngum í stað bekkja eins og áður var. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og rík hefð fyrir teymisvinnu um málefni nemenda. Umbætur í skólastarfi undanfarinna ára hafa byggst á



sjálfsmati skólans. Sjálfsmatsaðferðirnar í gegnum Gæðagreinana eru traustur grunnur að vegferðinni í átt að *skóla sem lærir*.

Öll starfsemi skólans er á einum stað í skólahúsnæði við Skagfirðingabraut. Allir nemendur skólans hafa sínar árgangastofur, matsalur rúmar nemendafjöldann, aðstaða á skólasafni er framúrskarandi og vinnusvæði starfsmanna er með ágætum. Enn er þó eftir að fullklára skólahúsnæðið svo fullnægjandi aðstæður fyrir skólastarf geti orðið að veruleika. Almennt fer sundkennsla fram í Sundlaug Sauðárkróks, sem er útisundlaug. Einnig er innisundlaug á Heilbrigðisstofnuninni nýtt til sundkennslu fyrir einstaka nemendur skólans.

Árvist, tómstunda- og heilsdagsskóli Árskóla, er starfræktur í húsnæði skólans. Starfsemin hefur verið aðlöguð breyttum aðstæðum í skólastarfinu m.a. með styttingu vistunartíma og nýjum húsnæðisaðstæðum. Skólalóðin er nýtt til útivistar og verkgreinastofur, skólasafn, matsalur og önnur rými skólans eru nýtt eftir þörfum. Árvist er ætluð fyrir nemendur í 1.- 4. bekk. Í Árvist er:

- öruggt skjól þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast í hlýju umhverfi
- lögð áhersla á samvinnu þar sem börnin læra að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf
- lögð áhersla á að bera virðingu fyrir okkur sjálfum, öðrum og umhverfinu

### **Skólastefna Árskóla**

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn hefur það hlutverk að stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Skólastefna Árskóla byggist á ofangreindum markmiðum og skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru *sex grunnþættir menntunar* lagðir til grundvallar. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Árskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Í Árskóla er lögð áhersla á að skólinn sé aðlaðandi vinnustaður þar sem nemendum og starfsmönnum líður vel í leik og starfi. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að allir starfsmenn vinni náið saman að velferð nemenda. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, vinna saman í teyllum að námi og kennslu og hafa miklar væntingar til nemenda. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og teymisvinna um málefni nemenda. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsmanna og jákvæðan skólabrag. Hvatt er til skapandi hugsunar og frjálsrar tjáningar og í því skyni er reynt að stuðla að blómlegri listkennslu í öllum árgöngum. Skólinn er Olweusarskóli og hefur unnið að eineltismálum undir merkjum Olweusar frá árinu 2002.

Í Árskóla er starfað samkvæmt einkunnarorðunum *lifa – leika – læra*.

Að *lifa* vísar til þess að skólinn:

- búi nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi
- stuðli að sjálfstæðri hugsun og jákvæðri sjálfsmynd nemenda
- þjálfí hæfni nemenda til samstarfs við aðra
- leiðbeini nemendum við að sýna umburðarlyndi og víðsýni

Að *leika* vísar til þess að skólinn:

- efli starfsgleði nemenda með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- hafi fasta viðburðadaga þar sem nemendur fá að njóta sín í leik og starfi
- leggi áherslu á leiklist og sviðsframkomu í öllum árgöngum
- leggi áherslu á að læra í gegnum leik

Að *læra* vísar til þess að skólinn:

- veiti nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni
- kenni nemendum vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- hvetji nemendur til ábyrgðar á eigin námi
- veiti markvissa endurgjöf til nemenda til að stuðla að framförum í námi
- vinni að einstaklingsmiðun náms þar sem þörfum hvers einstaklings er mætt

- skapi hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir og krefjandi viðfangsefni
- hvetji nemendur til ígrundunar og virkrar þátttöku í námi

## Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Árskóli hefur allt frá árinu 1999 byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, *How good is our school*. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku árin 1999, 2010 og 2016. Nýjasta útgáfan heitir: *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólasterfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða *mjög gott*, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólasterfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka II.

## Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólasterfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk Árskóla hefur búið til og byggja á sérstöðu skólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Árskóla nánar síðar í skýrslu.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreinini, annars vegar *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka II. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

**Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins**  
***Hversu góður er grunnskólinn okkar? í fjórum skrefum:***

1. ***Skilgreining lykilþátta***, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. ***Skilgreining viðmiða***, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða ***framúrskarandi***. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. ***Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta***, umsögn og einkunnagjöf
4. ***Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn***, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. ***Eftirfylgni umbóta***.

## Sjálfsmat veturinn 2017-2018

Á skólaárinu stóð yfir innleiðingarferli á Lestrarstefnu Skagafjarðar. Ákveðið var að uppfæra gæðagreina stefnunnar og voru þeir lagðir fyrir til mats og umbóta á skólaárinu meðal starfsfólks skólans. Samtals voru nítján gæðagreinar lagðir fyrir til mats og umbóta meðal starfsfólks skólans á skólaárinu.

Stjórn nemendafélagsins uppfærði gæðaviðmið í nemendagæðagreini. Gæðagreinirinn var lagður fyrir alla nemendur á mið- og unglingastigi til mats og umbóta. Fulltrúar árganga í stjórn nemendafélagsins aðstoðuðu við fyrirlögn á mati í sínum árgangi. Einnig hafa fulltrúar úr stjórn nemendafélagsins aðstoðað yngri nemendur í mati á skólastarfinu. Það gerðu þeir með því að leiða umræður í matshópum yngri árganga og sjá um skráningu á mats- og umbótaskýrslum á matsfundum.

Foreldrar/forsjáraðilar tóku þátt í mati á skólastarfinu með sjálfsmatsaðferðum skólans á fundi sem foreldrafélag Árskóla stóð fyrir á vordögum. Þar voru nokkur gæðaviðmið sett fram í foreldragæðagreini sem lagður var fyrir nokkra hópa foreldra til mats og umbóta.

Fagmennskuteymi Árskóla sér um utanumhald á sjálfsmati starfsfólks, nemenda og foreldra. Í því eiga sæti deildarstjórar stiga, fulltrúi kennara á hverju stigi og kennsluráðgjafi. Teymið hefur fundað jafnt og þétt yfir árið og gert áætlanir um fyrirlögn á mati á skólastarfinu. Eftir hvern matsfund tekur kennsluráðgjafi saman niðurstöður og deilir með teyminu. Á fundum teymisins hefur reglulega verið farið yfir niðurstöður og brugðist við þeim eins og við á. Teymið sér því um að fylgja umbótaáætlunum eftir og skila niðurstöðum aftur út til nemenda og starfsfólks til úrvinnslu eins og við á.

## Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2017-2018:

Lestrarstefna Skagafjarðar	
Lestur og skilningur	
Lestrarhvetjandi umhverfi	
Samstarf við heimilin	
Samfella á milli skólastiga	
Tvítyngi og fjöltyngi	
Einstaklingsmiðun	
Skimanir/matstæki	

Árskólagæðagreinar	
Nemendagæðagreinir	
Foreldragæðagreinir	

Olweusaráætlun

Teymiskennsla

**Matsþættir úr sjálfsmatsefninu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?***

gg. 2.1 Nemendavernd

gg. 2.2 Skólanámskrá

gg. 2.4 Einstaklingsmiðun

gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi

gg. 2.6 Samfella í skólastarfi

gg. 2.7 Samstarf

gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat

gg. 1.2 Forysta í skólastarfi

gg. 1.3 Breytingastjórnun

gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem lagðir voru fyrir til mats á skólaárinu og áætlun um umbætur.

**Innra mat á skólastarfi - starfsfólk**

**Mat á gæðagreinum skv. Lestrarstefnu Skagafjarðar**

Á skólaárinu var áfram unnið að innleiðingu á lestrarstefnu Skagafjarðar. Ákveðið var að leggja gæðagreina um lestrarstefnuna aftur fyrir til að meta hvernig innleiðingarferlið hefur tekist til. Fulltrúi Árskóla í læsisráði og kennsluráðgjafi uppfærðu alla gæðagreina lestrarstefnunnar og lögðu fyrir til mats og umbóta. Starfsfólki var skipt í hópa eftir stigum. Samantekt á styrkleikum varðandi innleiðingu á lestrarstefnu að mati starfsfólks er sett hér fram eftir stigum. Þeir þættir sem starfsfólk taldi þarfnast umbóta eru settir fram í sérstakri umbótaáætlun sem sjá má í sér kafla í þessari skýrslu.

**Lestrarstefna Skagafjarðar**

Heildareinkunnagjöf vegna mats á lestrarstefnu:

Matsfundur 6. feb.	Einkunnagjöf		
	Yngsta stig	Miðstig	Unglingastig
Lestur og skilningur	5, mjög gott	5, mjög gott	4, gott
Lestrarhvetjandi umhverfi	5, mjög gott	4, gott	4, gott
Samstarf við heimilin	5, mjög gott	5, mjög gott	5, mjög gott
Samfella á milli skólastiga	5, mjög gott	Ekki lagt fyrir	Ekki lagt fyrir
Tvítyngi og fjöltyngi	4, gott	4, gott	4, gott
Einstaklingsmiðun	5, mjög gott	5, mjög gott	4, gott

Skimanir/matstæki	5, mjög gott	5, mjög gott	5, mjög gott
-------------------	--------------	--------------	--------------

## Helstu styrkleikar að mati starfsfólks eftir stigum:

**Yngsta stig:** Helstu styrkleikar voru einkum þeir að unnið er með fjölbreyttar kennsluaðferðir og áhersla er lögð á að nemendur læri að njóta lesturs. Góð aðstaða og gott aðgengi er að fjölbreyttu, lestrarhvetjandi lesefni. Skimanir eru lagðar fyrir reglulega og niðurstöður eru nýttar til áframhaldandi vinnu með nemendum. Mikið samstarf er á milli skólastiga sem felst m.a. í gagnkvæmum heimsóknnum nemenda og starfsfólks. Foreldrum/forsjáraðilum er gert kleift að taka virkan þátt og fylgjast með lestrarkennslu og lestrarnámi barna sinna. Þess er gætt að viðfangsefni í lestri og öðrum námsgreinum hæfi aldri, þroska og áhuga hvers barns og lögð áhersla á að efla og byggja á styrkleikum hvers barns.

**Miðstig:** Helstu styrkleikar að mati starfsfólks á miðstigi eru einkum þeir að allir nemendur skólans fá mikinn tíma í yndislestur og nemendur með námsörðugleika hafa greiðan aðgang að hljóðbókum í öllum fögum. Áætlunum um fyrirlögn skimana er fylgt vel eftir. Sameiginleg sýn ríkir í skólanum um að lestur sé lykill að þekkingu og árangri í námi. Lestrinum er vel sinnt í skólanum að mati starfsfólks t.d. með læsistíma í hverjum árgangi. Starfsfólk leggur sig fram um að koma til móts við hvern og einn nemanda og í einstaklingsmiðuðu námi.

**Unglingastig:** Starfsfólk er sammála um mikilvægi lesturs. Áætlanir og vinnuskipulag um lestrarnám er til staðar. Skimanir og kannanir eru lagðar fyrir reglulega og brugðist er við niðurstöðum þeirra. Lestrarefni sem skólinn hefur yfir að ráða er fjölbreytt og aðstaða til lestrar er góð. Hvatt er á jákvæðan hátt til lestrar. Mikil áhersla er lögð á heimalestur nemenda í samstarfi við foreldra þeirra. Kennarar eru duglegir við að veita upplýsingar um framvindu lestrarnáms. Nemendur af norrænum uppruna eiga kost á ágætis fjarkennslu í móðurmálum sínum. Tekið er tillit til uppruna nemenda varðandi lestrarnám. Nemendur eru hvattir til að nýta m.a. Héraðsbókasafnið til að pantabækur á þeirra móðurmáli. Nemendur eru hvattir til að tala sitt tungumál við þau tækifæri sem gefast, t.d. við aðra nemendur af sama þjóðerni. Árlegur Olweusardagur var m.a. nýttur til að búa til setningar á öllum tungumálum nemenda sem stunda nám við skólann.

## **Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?***

**Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 31. okt.:**

Matsfundur 31. okt.	Einkunnagjöf
gg. 2.1 Nemendavernd	5, 5
gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	6
gg. 2.6 Samfella í skólastarfi	5, 4, 4
gg. 2.7 Samstarf	5, 5, 5, 6

### Mat á gæðagreiðni 2.1 Nemendavernd

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar voru einkum að nemendavernd væri almennt í góðu horfi í skólanum. Nemendaverndarráðið væri öflugt og skilvirkt. Einnig að ýtt væri undir nemendalýðræði með margvíslegum leiðum. Jafnrétti, jákvæður skólabragur og menning í skólanum væri í góðu lagi.

### Mat á gæðagreiðni 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af einum hópi starfsmanna. Helstu styrkleikar voru þeir að mati starfsfólks að upplýsingaflæði og samskipti almennt við foreldra/forsjáraðila nemenda væru framúrskarandi góð. Foreldrar/forsjáraðilar væru vel upplýstir um skólastarfið og um stöðu barna sinna í náminu. Stuðningur við nemendur væri framúrskarandi og að þörfum nemenda væri mætt.

### Mat á gæðagreiðni 2.6 Samfella í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar voru þeir að starfsfólk sýnir nemendum mikla umhyggju. Samfella í skólastarfinu væri góð og leitast er við eftir fremsta megni að hafa námið einstaklingsmiðað.

### Mat á gæðagreiðni 2.7 Samstarf

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar í þessum þætti voru þeir að starfsfólk skólans telur skólann gegna mikilvægu hlutverki í nærsamfélaginu. Í skólanum er gott samstarf og samvinna og starfsfólk leggur sig fram um að eiga gott samstarf við heimilin. Einnig er reynt að nýta nærsamfélagið í námi og kennslu eins og hægt er. Starfsfólk telur einnig að það sé duglegt að deila reynslu sinni og færni sín á milli.

### Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 28. nóv.:

Matsfundur 28. nóv.	Einkunnagjöf
gg. 1.2 Forysta í skólastarfi	5, 5, 5
gg. 1.3 Breytingastjórnun	5, 5, 5
gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	5, 5, 5
gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	5, 5



## **Mat á gæðagreiini 1.2 Forysta í skólastarfi**

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar að mati starfsfólks voru m.a. þeir að stjórnendur dreifa ábyrgð/stjórnun og hvetja starfsfólk til símenntunar. Mikil krafa er frá stjórnendum um að nýta sér það sem er í boði varðandi símenntun, innanlands sem utan. Mikil áhersla er lögð á símenntun starfsfólks og að hvetja starfsfólk til símenntunar. Forystan í skólastarfinu er almennt góð, jafnt hjá stjórnendum sem og hjá öðru starfsfólki. Starfsfólk hefur góða færni á sínum sviðum, samvinnan er mikil og upplýsingaflæði gott.

## **Mat á gæðagreiini 1.3 Breytingastjórnun**

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar að mati starfsfólks voru að starfsmenn deili metnaðarfullri sýn um umbætur í skólastarfi. Þessu til rökstuðnings er m.a. bent á tækniþróun í skólanum. Framtíðarsýnin er sterk og starfsfólk tilbúið til að prófa nýjar leiðir til að ná settum markmiðum. Allir starfsmenn skólans taka þátt í að móta stefnu og sýn skólans og stuðla að umbótum í þágu nemenda. Upplýsingaflæði á milli starfsmanna er gott og starfsmenn fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og ígrunda með samstarfsfólki leiðir til umbóta í skólastarfinu.

## **Mat á gæðagreiini 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun**

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar að mati starfsfólks voru einkum þeir að starfsfólk er gott í samvinnu, að taka ábyrgð, deila þekkingu og þekkir hlutverk hvers og eins. Starfsfólk deilir sameiginlegri sýn í skólastarfinu. Jafnframt telur starfsfólk að sterkir þættir skólastarfsins byggi m.a. á því að aðgengi að leiðtogum í skólastarfi sé gott, ýmsar leiðir eru nýttar til samskipta m.a. stafræn tækni og tækifæri til samræðna og faglegra samskipta eru vel nýtt. Ennfremur að skólinn skoði reglulega viðbrögð sín við þeim kvörtunum sem berast. Að skólasamfélagið vinni gegn fordómum og að í skólastefnu sveitarfélagsins og starfslýsingum er kveðið á um skuldbindingu starfsfólks og viðveru á skýran hátt. Þá telja starfsmenn tækniþætti skólastarfsins afar sterkan þátt í skólastarfinu.

## **Mat á gæðagreiini 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat**

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar að mati starfsfólks eru einkum þeir að unnið er skipulega með sjálfsmatsaðferð skólans og allir þættir skólastarfsins metnir reglulega. Skólabragurinn er góður og starfsmenn eru samtaka um að vinna að umbótum. Nemendur og forráðamenn eru hvattir til að taka þátt í umbótavinnu. Skólinn er nútímalegur og bregst við tækniþróun í nútíma samfélagi. Skráningar eru kerfisbundnar og markvissar. Unnið hefur verið gott starf í að þróa námsmat og matsviðmið

innan skólans. Starfsfólk telur Árskóla vera framarlega í flokki grunnskóla hvað varðar sjálfsmat og umbætur í skólastarfi.

**Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 30. jan.:**

Matsfundur 30. jan.	Einkunnagjöf
gg. 2.2 Skólanámskrá	5, 4, 5, 5
gg. 2.4 Einstaklingsmiðun	5, 5, 5, 5

**Mat á gæðagrein 2.2 Skólanámskrá**

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar að mati starfsfólks voru eftirfarandi: Skólanámskráin okkar er framsækin og tekur mið af breyttri framtíð og vinnumarkaði sem bíður nemenda okkar. Skólanámskráin gerir nemendum kleift að nálgast námið á sínum forsendum. Við erum með sérstöðu hvað varðar breytta kennsluhætti s.s. teymiskennslu og leggjum áherslu á tækni í skólastarfi. Við erum dugleg að sækja endurmenntun og prófa nýja hluti í skólastarfi. Starfsfólki er umhugað um nemendur og að efla þá í námi og þroska. Starfsfólki finnst almennt að skólasamfélagið í heild taki mikinn þátt í þróun og stefnu skólanámskrárinnar. Allir starfsmenn eru vel upplýstir um skólastarfið og við höfum almennt gott samstarf innan- sem utanlands við aðrar menntastofnanir. Tæknin í skólanum er mjög góð. Þróun skólans er góð þar sem starfsfólk er með „puttann á púlsinum“. Skólinn er opinn fyrir nýjungum og stjórnendur hvetjandi.

**Mat á gæðagrein 2.4 Einstaklingsmiðun**

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar eru þeir að mati starfsmanna að í skólanum er framúrskarandi stoðkerfisþjónusta. Starfsfólk telur að einstaklingsmiðun náms sé sterkur þáttur í skólastarfinu. Starfsfólk þekkir nemendur sína og aðstæður þeirra vel. Gott samstarf ríkir á milli fagaðila og foreldra/forsjáraðila. Starfsfólk segir einnig sveigjanleika í skólastarfi, samstarf og áætlanagerð vera dæmi um sterka þætti í skólastarfinu.

**Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 13. mars:**

Matsfundur 13. mars	Einkunnagjöf
gg. Teymiskennsla - Árskólagæðagreinir	5, 5, 4, 5, 3, 5
gg. Olweusaráætlun - Árskólagæðagreinir	5, 5, 5

### Mat á gæðagreini Teymiskennsla - Árskólagæðagreininir

Gæðagreininirinn var metinn af sex hópum kennara. Helstu styrkleikar að mati kennara eru eftirfarandi: Við erum mjög góð í að vinna í teymisvinnu. Við setjum okkur skýr markmið og vinnum samkvæmt þeim. Erum dugleg að leita í önnur teymi og miðla reynslu okkar og þekkingu. Við teljum teymiskennslu í góðu horfi hér í skólanum. Í flestum teyimum gengur teymisvinna vel, með skilningi, samráði og virðingu. Við erum góð í að tileinka okkur nýja kennsluhætti og tækni og deila þeirri þekkingu á milli okkar. Það er gott að leita til hvers annars, við nýtum styrkleika hvers annars, erum forvitin og áhugasöm og dugleg að leita endurmenntunar. Við fáum samstarfstíma til samráðs (öllu jafna). Við erum vön að vinna saman og berum virðingu hvert fyrir öðru. Leysum málin í sátt og samlyndi. Innan teymanna skiptum við með okkur verkum eftir styrkleikum hvers og eins. Við forgangsroðum tíma til samræðna og ígrundunar þar sem við tökum mikilvægar ákvarðanir.

### Mat á gæðagreini Olweusaráætlun - Árskólagæðagreininir

Gæðagreininirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar í þessum gæðagreini að mati starfsfólks var að unnið er eftir aðgerðaáætlun Olweusar í Árskóla. Það felur m.a. í sér að umræðufundir eru haldnir reglulega með öllu starfsfólki skólans. Flestir þættir aðgerðaáætlunarinnar eru í góðu lagi að mati starfsfólks.

### Umbótaáætlun skólaársins 2017-2018 - starfsfólk

<b>Lestrarstefna Skagafjarðar – yngsta stig</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Minna starfsfólk á að allir séu íslenskukennarar og að við höfum það í huga í öllu starfi. Að allir starfsmenn í okkar skóla leggi áherslu á að auka lesskilning, orðaforða og málskilning markvisst í öllu starfi og námsgreinum með börnunum.
Hvetja foreldra til að lesa fyrir börn sín.
Gæta betur að samfellu í lestrarnámi frá leikskóla að grunnskóla þar sem leikskóli hefur nú tekið upp nýja lestrarstefnu-/ kennslu.
Styðja við færni nemenda í móðurmáli þeirra.
Greiða aðgengi tvítýngdra og fjöltyngdra barna að bókum og öðru efni á móðurmáli sínu.
Leggja áherslu á að virðing sé borin fyrir móðurmáli nemenda á sýnilegan hátt í skólanum.
<b>Lestrarstefna Skagafjarðar - miðstig</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Auka fjölbreytileika í vali á lesefni. T.d. blaðagreinar, fréttagreinar og fræðigreinar.
Bæta þarf lestraraðstöðu og lestrarhvetjandi umhverfi.
Fyrirmyndir í lestri.
Skóli án aðgreiningar.

Bæta aðgengi tvítyngdra og fjöltyngdra barna að viðeigandi efni á sínu móðurmáli. Við þurfum að styðja betur við færni nemenda í móðurmáli þeirra.  
(Bæta aðgengi að lestrarrefni fyrir tvítyngda nemendur á móðurmáli þeirra, t.d. millisafnalán. Rafrænn gagnagrunnur þar sem Menntamálaráðuneyti gæti haft aðkomu að. Þörf er á frekari umræðu um þennan málaflokk og skilgreiningar.)

### Lestrarstefna Skagafjarðar - unglíngastig

#### Hvað þarf að gera?

Leggja áherslu á að nemendur læri að njóta lesturs og fái tækifæri til yndislesturs í skólanum. Fundur umsjónarkennara unglíngastigs.

Bæta merkingar hluta og gera umhverfið meira hvetjandi.

Skoða möguleika á að gera einstaklingsnámskrár í lestri.

Dagskipulag og reglur verði sýnilegri.

Bæta móðurmálskenndu sumra nemenda af öðru þjóðerni, t.d. búlgarskra og ungverskra.

Umsjónarkennarar og aðrir sem sitja teymisfundi þurfa að hvetja foreldra til að halda við móðurmálinu ásamt því að hvetja börnin áfram í íslenskunni.

Hafa menningardaga, þema, hengja upp setningar og orð á þeim tungumálum sem finnast í skólanum.

Skólasafn ætti að vera í samstarfi við Héraðsbókasafn vegna lánsbóka á erlendum tungumálum.

### gg. 2.1 Nemendavernd

#### Hvað þarf að gera?

Kynna jafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun betur fyrir starfsfólki og nemendum.

Hafa brunaæfingar reglulega, minnst einu sinni á ári.

Kynna viðbragðsáætlun við bruna í hverjum bekk.

Aðilar sem sitja í nemendaverndarráði þurfa að meta starfsaðferðir sínar með gæðagreini.

Auka reglulega fræðslu fyrir starfsfólk um netfíkn og fíkniefnaneyslu.

Þurfum greiðari aðgang að sérfræðipjónustu sem lýtur að meðferðarvinnu og úrræðum fyrir börn.

### gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi

#### Hvað þarf að gera?

Ekkert sett fram.

### gg. 2.6 Samfella í skólastarfi

#### Hvað þarf að gera?

Halda fagfundum. Einn kennari úr árgangi gæti t.d. mætt til fundar að vori þar sem samfella í íslensku og stærðfræði er rædd og leiðin mörkuð.

Auka úrræði fyrir sálgæslu nemenda.

Virkja betur allt samfélagið og stofnanir þess til þess að samfella og námárangur verði sem bestur með tilliti til fjölbreytileika nemenda.

### gg. 2.7 Samstarf

<b>Hvað þarf að gera?</b>
Nýta betur styrkleika nærsamfélagsins í skólastarfinu t.d. með kynningum og heimsóknum í fyrirtæki og stofnanir.
Vera duglegri að nýta okkur þá staði sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða til þess að upplýsa nemendur okkar betur um nærsamfélagið.
Þarf að upplýsa foreldra betur um námsefni/námsgrein, (fer eftir árgöngum). Umsjónarkennarar sendi upplýsingar á foreldra stutta samantekt um það sem nemendur eru að vinna í hverju sinni.
Það þarf einhvern ákveðinn vettvang til þess að koma upplýsingum á framfæri við alla þá sem koma að nemendum tiltekinna árganga.
Vera áfram dugleg að hvetja og leiðbeina forráðamönnum við nám barna sinna.
Skilgreina þarf einkenni nærsamfélagsins og finna námsleiðir sem gætu tengst því.
Bæta upplýsingaflæðið.
<b>gg. 1.2 Forysta í skólastarfi</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Nemendur ræða reglulega við aðra um nám sitt og framfarir og setja sér skýr markmið í námi. Þetta má t.d. bæta með því að nemendur setji sér skýr, skrifleg námsmarkmið í foreldraviðtali í upphafi skólaárs.
Laga verklag til upplýsingar um endurmenntun í boði.
Halda fræðslu um lög og reglur? Umræðuhópar?
Hvetja nemendur áfram í að setja sér markmið og fylgja þeim eftir.
<b>gg. 1.3 Breytingastjórnun</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Þar sem það hefur ekki þegar verið gert, má kynna hæfniviðmið og lykilhæfni aðalnámskrár betur fyrir nemendum.
Upplýsa nemendur um stefnu, markmið og gildi skólans, byggða á lykilþáttum námskrár.
Skapa aukið svigrúm til að styðja við sköpun, nýbreytni og rannsóknir.
<b>gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Setja verklagsreglur við ráðningar í stefnu skólans og birta á heimasíðu skólans.
Bæta upplýsingaflæði.
<b>gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Vinna markvisst að sjálfstyrkingu nemenda í öllu skólastarfi, jafnframt því að halda afmörkuð námskeið.
Skráning gagna þarf að vera nákvæm, metin reglulega og hafa skýran tilgang.
Símenntunaráætlun starfsfólks sé byggð á niðurstöðum sjálfsmats og umbótaáætlunum.
<b>gg. 2.2 Skólanámskrá</b>

<b>Hvað þarf að gera?</b>
Allir hagsmunaaðilar komi að hönnun og þróun skólanámskrár.
Nýt upplýsingar og gögn úr staðbundnum, innlendum og/eða alþjóðlegum rannsóknum til að styðja upplýsta umræðu um skólanámskrárgerð.
Að hafa nemendur meira með í skipulagningu og markmiðsetningu á eigin námi.
Foreldrar þurfa að taka meira þátt í stefnu og gerð skólanámskrár.
Bæta upplýsingaflæði og úrvinnslu til allra úr sjálfsmatinu svo hægt sé að bregðast við og bæta það sem betur má fara.
<b>gg. 2.4 Einstaklingsmiðun</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Ráða þroskaþjálfara.
Auglýsa áfram eftir náms- og starfsráðgjafa.
Gera nemendur virkari í ákvarðanatöku.
Auka fjölbreytni í námsmati og kennslu.
<b>gg. Teymiskennsla - Árskólagæðagreinir</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Ákveða hvort eigi að setja reglur til að leysa ágreining í teymi. Vantar ákveðnar reglur til þess að meðhöndla ágreining eða óeiningu innan teymisins með hlutlausum aðila hafi maður þörf á því.
Miðla á skipulagðan hátt reynslu og árangri til annara teyma.
Það þarf skapa vettvang til þess að ræða samstarfið innan teymisins með hlutlausum aðila.
Það þarf að forgangsráða tíma til samræðna og ígrundunar innan teymisins.
Virða og tryggja samráðstíma kennara.
Teymi þarf með deildarstjóra að ræða saman um verkaskiptingu og ábyrgð innan teymis.
Vinna skipulega að því að þróa hæfni einstaklinga innan teymisins.
Hafa skýra verkaskiptingu og ábyrgð í teymi, eitthvert skipulag frá stjórnendum sem hægt er að miða við í upphafi.
Við höfum ekki skýran og sameiginlegan skilning á grunnhugmyndum teymisins, það þarf að bæta.
Teymin þurfa að setja sér markmið hvað sína vinnu varðar í upphafi skólaárs.
Einstaklingar þurfa sjálfsskoðun í teymisvinnunni, hvað þeir leggja að mörkum, hvað þeir gera vel og hvað þeir geta gert betur.
Fá fyrirlestur t.d. sálfræðings um hreinskiptni í samskiptum á vinnustað.
<b>gg. Olweusaráætlun - Árskólagæðagreinir</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Halda áfram að vera vakandi og virk fyrir vellíðan nemenda.
Það þarf að bæta samskipti á milli tómsunda og íþrótta. Félögin þyrftu að koma á fundi og vinna að þessari áætlun með okkur.
Þarf að rifja upp þessa reglugerð árlega. (1040/2011).

## Innra mat á skólastarfi - nemendur

### Mat á gæðagreinum um skólastarf í Árskóla

#### Nemendagæðagreinir

Stjórn nemendafélagsins fór yfir nemendagæðagreinina á stjórnarfundum og gerði tillögur að uppfærslum á honum. Uppfærður nemendagæðagreinir Árskóla var því lagður fyrir til mats og umbóta meðal allra nemenda í 5. – 10. bekk á skólaárinu. Hverjum árgangi var skipt upp í hópa og vann hver hópur að mati á skólastarfinu og setti fram umbótaáætlun. Deildarstjórar viðkomandi stiga, kennsluráðgjafi og umsjónarkennar aðstoðuðu nemendur við matsvinnuna.

Fulltrúar nemenda í stjórn nemendafélagsins í hverjum árgangi fyrir sig aðstoðuðu einnig við fyrirlögn matsins í sínum árgöngum. Jafnframt aðstoðuðu eldri nemendur nemendur 5. bekkjar við matsvinnuna, stýrðu þar umræðum og skráðu mats- og umbótaskýrslur. Samkvæmt niðurstöðum nemenda voru ýmsir styrkleikar skólastarfsins dregnir fram í matsskýrslu og ýmis atriði sett fram í umbótaáætlun. Hér má sjá yfirlit yfir niðurstöður hópa í einstökum árgöngum. Einnig eru helstu styrkleikar dregnir saman og umbótaáætlun nemenda sett fram saman eftir stigum:

Matsfundir nemenda í mars og apríl	Bekkur	Einkunnagjöf
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	10. bekkur	4, 4, 3, 4, 4, 4, 4
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	9. bekkur	3, 5, 4, 3, 6
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	8. bekkur	4, 4, 4, 4, 2, 5, 3, 3
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	7. bekkur	5, 5, 5, 4, 4, 5, 4, 4, 4, 5
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	6. bekkur	6, 4, 5, 5, 4, 4, 4, 3, 4
gg. Nemendagæðagreinir Árskóla	5. bekkur	5, 5, 5, 5, 5, 5

#### Helstu styrkleikar skólastarfsins að mati nemenda á unglingsstigi voru m.a. eftirfarandi:

Námsleiðir í skólanum eru fjölbreyttar og góðar. Kennarar gefa okkur góðar útskýringar á náminu og flest allir ná markmiðum sínum. Spjaldtölvur hjálpa mikið í náminu og koma okkur vel. Skólinn okkar er mjög framarlega í tækjabúnaði. Kennsluaðferðir hafa orðið fjölbreyttari með tilkomu tækja í námi. Kennsluaðferðir eru oftast spennandi, skemmtilegar og áhugaverðar. Kennarar eru opnir fyrir því að leyfa nemendum að prófa nýjar námsleiðir. Kennarar gera nemendum grein fyrir markmiðum í náminu. Námið er ekki of erfitt miðað við aldur. Verkefni og kannanir eru reglulegar í náminu og dreifast jafnt yfir skólaárið. Frímínútur eru fjölbreyttar. Nemendur eru nokkuð duglegir að ganga frá eftir sig í skólunum. Maturinn er hollur og oftast góður. Vinaliðar passa oftast að það sé enginn einn í frímínútum og að öllum líði vel. Unnið er

gegn einelti og bekkjarandi er góður. Tekið er á eineltismálum sem upp koma. Það er gaman í skólanum því nemendurnir eru fjölbreyttir og skemmtilegir. Stundataflan er mjög góð. Okkur finnst stuðningsþjónustan vera góð. Krakkar sem eiga við erfiðleika að etja fá alltaf þá hjálp sem þeir þurfa. Allir nemendur á unglिंगastigi hafa a.m.k. eina valgrein sem þeim þykir skemmtileg. Margir stuðningsfulltrúar sem geta hjálpað þegar við þurfum á því að halda. Kennslustofur á unglिंगastigi eru framúrskarandi. Skólalóð og skólagögn eru alveg til fyrirmyndar. Námsaðstaðan er frábær. Kynjajafnrétti er mikið. Nemendum og kennurum lyndir oftast vel. Starfsfólk hlustar á skoðanir nemenda og ber virðingu fyrir þeim. Skólabragurinn er góður.

## **Helstu styrkleikar skólastarfsins að mati nemenda á miðstigi voru m.a. eftirfarandi:**

Skólinn okkar er mjög tæknivæddur. Námið er vel við hæfi nemenda. Við fáum mikið út úr náminu. Námið er alltaf skemmtilegt. Okkur finnst sanngjarnt hvernig kennarar raða prófum, verkefnaskilum og könnunum yfir skólaárið. Við höfum fjölbreytt val og val um námsleiðir. Skólinn er finn og við lærum þar. Íþadar hjálpa okkur mikið í náminu. Námsefnið hefur orðið fjölbreyttara eftir að við fengum iPada. Okkur finnst mjög gaman að læra meira um tækni. Námsefnið er mjög vel sett upp. Námið er fræðandi, skemmtilegt og nýttist okkur vel. Stundataflan er vel skipulögð. Okkur finnst stuðningsþjónustan vera góð. Þeir sem þurfa á því að halda fá þjónustu og hjálp. Samskipti á milli nemenda og starfsfólks eru góð. Kennarar sýna metnað í kennslunni. Allir eru vinir og okkur líður vel. Bekkjarandinn er allt í lagi. Námsaðstaða er rúmgóð og við höfum næði. Yfirleitt er jafnrétti í skólanum og sanngirni ríkir á milli kynja. Maturinn er góður. Við þrífum eftir okkur og göngum vel um matsalinn. Við erum mjög ánægð með vinaliðaleikina. Sérgrainastofur eru vel tækjum búnar. Okkur líður vel í skólanum og kennarar koma vel fram við okkur.

## **Umbótaáætlun skólaársins 2017-2018 - nemendur**

<b>Unglingastig – nemendagæðagreinir um skólastarf í Árskóla</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Krakkar þurfa að ganga frá eftir sig í matartímanum en ekki láta starfsfólkið gera það.
Hafa fleiri bekkjarkvöld.
Leyfa meiri útivist.
Dreifa könnunum meira yfir skólaárið.
Leyfa krökkunum að sjá prófin til að vita hvað þeir eru að gera vitlaust.
Hafa fjölbreyttari mat.
Tengja bekkinn betur.
Jafna út álagið á náminu.



Hafa meiri upplýsingatækni og forritun.
Sjá getu hvers og eins nemanda og þannig velja námsefni við hæfi.
Koma fleirum að, ekki einbeita sér alltaf að sömu nemendum sem eiga við vandamál að etja.
Það vantar náttúrufræðistofu.
Bæta samskipti og samheldni nemenda.
Bæta metnað og áhugasemi nemenda.
Kennarar þurfa að bæta aðeins þolinmæðina.
Nemendur mega bæta hvað þau segja við aðra nemendur og kennara.
Auka fjölbreytni í frímínútum innanhúss.
Hafa meira af bekkjarfundum.
Fá fleiri valgreinar.
Það þarf að koma eins fram við stelpur og stráka.
<b>Miðstig - nemendagæðagreinir um skólastarf í Árskóla</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Það þarf að uppfæra tæknina og aðferðir.
Það þarf að taka A álmuna í gegn.
Það þarf að taka gervigrasvöllinn í gegn.
Að taka betur til eftir sig.
Meira af fjölbreyttum mat.
Segja kennurum að segja krökkunum að ganga betur um matsalinn.
Kennslan mætti vera skemmtilegri í bæði forritun og upplýsingamennt.
Kennararnir segi nemendum hvaða markmið liggja að baki.
Að dreifa könnunum.
Meira val.
Það þarf að finna betri tíma fyrir íþróttir.
Gera stundatöflunar skipulagðari og betri.
Kennarar þurfa að sýna meiri þolinmæði og gleði.
Það þarf að bæta t.d. stærð kennslustofa í textíl. Það þarf líka að bæta tækjakost.
Það vantar betri húsgögn í A- álmuna
Meiri útivera.
Nemendur og kennarar fá meiri áhuga á náminu.
Ganga vel um umhverfið kringum skólann og innandyra.
Okkur finnst að við eigum að ráða námsleiðunum sem við erum í.
Bæta bekkjarandann.
Nemendur þurfa að fylgja betur skóla- og bekkjarreglum.
Við þurfum að fara oftar í vettvangsferðir og gera þær skemmtilegri og lærdómsríkari með t.d. ratleik.
Hætta að svindla í vinaliðaliðaleikjum.

## Innra mat á skólastarfi - foreldrar

### Mat á gæðagreinini - foreldragæðagreinir Árskóla

Foreldrar voru virkjaðir til þátttöku í mati á skólastarfinu á skólaárinu eftir nokkurt hlé. Stjórn foreldrafélagsins boðaði til fundar á vordögum þar sem hluti af fundartímanum fór í að meta einstaka þætti skólastarfsins með sjálfsmatsaðferð skólans. Fimm matshópar foreldra/forsjáraðila voru að störfum og gekk mats- og umbótavinnan mjög vel og mikil jákvæðni ríkti hjá þátttakendum um að taka þátt í skólastarfinu með þessum hætti.

Matsfundur foreldra 2. maí	Einkunnagjöf
gg. Foreldragæðagreinir Árskóla	4, 5, 5, 5, 4

### Foreldragæðagreinir

#### Helstu styrkleikar að mati foreldra voru eftirfarandi:

Foreldrar/forsjáraðilar telja yfirleitt um gott samstarf að ræða á milli heimilis og skóla. Foreldrar bera mikið traust til starfsfólks skólans við mótun stefnu skólans og treysta á fagmennsku starfsfólks í þeim ákvörðunum sem teknar eru um skólastarfið. Skólinn bregst vel við öllum athugasemdum foreldra og skapar foreldrum mörg tækifæri til þátttöku í starfinu. Kennarar senda greinargóðar upplýsingar um nám barnanna til foreldra. Foreldrar lýsa ánægju með að nemendur fái tækifæri til að tjá sig um skólastarfið á fundum sem haldnir eru með nemanda, foreldrum barns og umsjónarkennurum. Hefð er fyrir teymisfundum og einstaklingsnámskrám þar sem foreldrar eru þátttakendur í ákvarðanatöku um nám barnsins. Aðgangur að kennurum er almennt góður. Jákvætt viðhorf er til skólans sem stafar af áralöngu farsælu samstarfi. Stórt skref fram á við að virkja foreldra til þátttöku í innra mati á skólastarfinu. Foreldrakannanir gefa foreldrum tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið. Foreldrar eru hvattir til þátttöku í skólastarfinu. Kennarar eru duglegir að vera í sambandi við foreldra og leiðbeina þeim eftir þörfum. Starfsfólk skólans bregst skjótt við öllum athugasemdum sem berast frá foreldrum og vinnur hratt og vel úr þeim.

### Umbótaáætlun skólaársins 2017-2018 - foreldrar

Foreldragæðagreinir Árskóla
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Foreldrar þurfa að taka meiri þátt.
Auka þátttöku foreldra við mótun skólastarfsins.

Auka tækifæri foreldra til að hafa áhrif á skólastarfið.
Virkja forráðamenn í mótun skólastarfsins.
Hvetja foreldra til samstarfs.
Skapa fleiri tækifæri fyrir foreldra til þess að hafa áhrif og skoðanir á skólastarfinu.
Kynna fyrir foreldrum með hvaða hætti þeir geta haft áhrif á skólastarfið.
Bæta þarf upplýsingaflæði frá skóla til foreldra, sérstaklega til yngri barna foreldra.
Hafa viðburði á mismunandi tímum, láta tímasetningar rúlla, eins og fjöliðarlök.
Kynna starf foreldrafélagsins.
Fá til starfa náms- og starfsráðgjafa og skólasálfræðing.
Virkja nemendur meira í ákvarðanatöku um eigið nám.
Að foreldrar fái að taka meiri þátt í stórum ákvörðunum eins og iPad-væðingunni og þróun nýrra aðferða.

## Skólapúlsinn

Á skólaárinu var nemendakönnun lögð fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, fjórða árið í röð. Ákveðið var að framvegis verði foreldra- og starfsmannakönnun lagðar fyrir annað hvert ár. Því voru þær ekki lagðar fyrir á skólaárinu. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalniukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn foreldrakönnunar árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Viðmið nemendakönnunar voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemenda skólaársins 2014-2015.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu og bláum lit. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra

skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins sjá [hér](#).

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólks skólans í lok skólaársins. Skimunin er ný og uppfærð og byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðaviðmiðum sem starfsfólk hefur búið til.

### Skólapúlsinn foreldrar

Könnunin var ekki lögð fyrir á skólaárinu. Ákveðið hefur verið að leggja hana fyrir annað hvert ár.

### Skólapúlsinn nemendur

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í 117 grunnskólum á landinu fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk á skólaárinu. Um 87% allra nemenda í 6. – 10. bekk á landsvísu tóku þátt í könnun Skólapúlsins á þessu skólaári. Í Árskóla var könnunin lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið í október, desember, febrúar og apríl. Fjórðungur nemenda í hverjum árgangi í 6. – 10. bekk tók könnunina í hverri fyrirloögn. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi*. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu sem taka þátt í Skólapúlsinum. Einnig sýna niðurstöður þróun á milli skólaára á viðhorfum nemenda innan Árskóla á þáttum skólastarfsins. Alls tóku 192 nemendur þátt í könnuninni, 89 strákar og 89 stúlkur, svarhlutfall var 92,7%. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og umfjöllun um hvern efnisflokk.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Virgni nemenda í skólanum</b>				
Ánægja af lestri	4,7	178	4,8	-0,1
Þrautseigja í námi	4,7	178	5,0	-0,3*
Áhugi á stærðfræði	4,6	178	5,1	-0,5*
Áhugi af náttúrufræði	4,6	178	4,9	-0,3*
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,6	178	5,0	-0,4*
Trú á eigin námsgetu	4,5	178	4,8	-0,3*

Í floknum *virgni* nemenda mælast viðhorf nemenda Árskóla marktækt lakar í fimm af sex þáttum miðað við þáttökuskólana. Þættirnir eru litaðir bláir og stjörnumerktir. Þetta eru

## Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2018

Þættirnir *þrautseigja í námi*, *áhugi á stærðfræði*, *áhugi af náttúrufræði*, *trú á eigin vinnubrögðum í námi* og *trú á eigin námsgetu*. *Þrautseigja í námi* mælist minni nú en í fyrra en það er í takt við niðurstöður á landsvísu. *Áhugi á stærðfræði* hefur farið örlítið niður á við eftir að hafa mælist hærra á fyrra skólaári samanborið við þriggja ára ferli. Sama má segja um matsþættina *áhuga á náttúrufræði* og *trú á eigin námsgetu*. Matsþátturinn *trú á eigin vinnubrögðum í námi* mældist minni í könnuninni í ár en hafði tvö árin þar á undan staðið í stað miðað við niðurstöður innan skólans. *Ánægja af lestri* mælist örlítið lægri en í viðmiðunarskólunum en marktækur munur mælist þar ekki.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Líðan og heilsa</b>				
Sjálfsálit	4,5	178	4,9	-0,4*
Stjórn á eigin lífi	4,5	178	4,9	-0,4*
Velliðan	4,8	178	4,9	-0,1
Einelti	5,0	177	5,2	-0,2
Tíðni eineltis (%)	9,0%	16/178	12,3%	-3,3%
Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar (%)	44,8%	78/174	40,6%	4,2%
Hollt mataræði	4,4	177	4,8	-0,4%

Í nær öllum flokknum *líðan og heilsa* mælist Árskóli lægri en viðmiðunarskólarnir. Nemendur Árskóla hafa marktækt minna *sjálfsálit*, *stjórn á eigin lífi* og *mataræði* þeirra mælist marktækt lakara miðað við nemendur í viðmiðunarahópi. Hins vegar *hreyfa* nemendur Árskóla sig meira en nemendur í þátttökuskólunum samkvæmt könnuninni. Matsþátturinn *velliðan* mælist örlítið lægri en í viðmiðunarskólunum en hefur mælist stöðugur innan skólans undanfarin þrjú ár. *Tíðni eineltis* mælist lægra í Árskóla skv. könnunum Skólapúlsins miðað við þátttökuskólana og hafa niðurstöður síðustu þriggja ára skilað sömu niðurstöðu. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Hér gætir því misræmis miðað við niðurstöður mælinga úr Olweusarkönnun, en í þeirri könnun mælist einelti meðal nemenda í 5. – 10. bekk í Árskóla 3,7% en könnunin var lögð fyrir alla nemendur í þessum árgöngum í nóvember 2017, auk nemenda í 4. bekk.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Skóla- og bekkjarandi</b>				

## Sjálfsmatssskýrsla Árskóla júní 2018

Samsömun við nemendahópinn	4,8	176	5,0	-0,2
Samband nemenda við kennara	5,1	177	5,0	0,1
Agi í tímum	4,2	176	5,0	<b>-0,8*</b>
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	177	5,1	-0,1
Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,0	172	4,7	<b>0,3*</b>

Í flokknum *skóla- og bekkjarandi* mælist marktækur munur í tveimur þáttum af fimm á svörum nemenda í Árskóla miðað við þáttökuskólana. Þetta eru þættirnir *agi í tímum* sem mælist marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum og *mikilvægi heimavinnu í náminu* sem mælist marktækt hærri en í viðmiðunarskólunum. *Samsömun við nemendahóp* mælist örlítið lægri en í viðmiðunarskólunum og einnig matsþátturinn *virg þátttaka nemenda í tímum*. *Samband nemenda við kennara* mælist örlítið herra í Árskóla en í viðmiðunarskólunum líkt og frá niðurstöðum fyrra skólaárs.

### Skólapúlsinn starfsfólk

Könnunin var ekki lögð fyrir á skólaárinu. Ákveðið hefur verið að leggja hana fyrir annað hvert ár.

### Árleg skimun, starfsfólk

Ný og uppfærð árleg skimun var lögð fyrir allt starfsfólk Árskóla í lok skólaársins. Skimunin er ný og uppfærð og byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?, 4. útg.* ásamt gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til á undanförunum áratug um fjölmarga þætti skólastarfsins. Skimunin var lögð fyrir í kannanakerfinu Google Forms og var send til þátttakenda í tölvupósti. Niðurstöður skimunarinnar verða ígrundaðar og við þeim brugðist með starfsfólki skólans í upphafi næsta skólaárs. Þar sem einkunnagjöf er lág í matsþáttum gefst tækifæri til að bregðast við með viðeigandi umbótum. Niðurstöður skimunarinnar má sjá í viðauka 1. Þar má sjá sundurliðaða einkunnagjöf við einstaka matsþáttum. Einnig er reiknað hlutfall þeirra starfsmanna sem gefa einkunnirnar 4- gott, 5- mjög gott og 6- framúrskarandi í einstökum matsþáttum. Heildarniðurstöður eru fremur jákvæðar. Þeir þættir sem þarf að huga sérstaklega að skv. niðurstöðum skimunarinnar eru eftirfarandi og má sjá hér á eftir.

Þættir sem mælast hlutfallslega lægri en 70% þegar teknar eru saman einkunnirnar 4- gott, 5- mjög gott og 6- framúrskarandi í einstökum matsþáttum:

- Finna þarf fleiri leiðir til að auka ábyrgð nemenda gagnvart námi sínu
- Auka þarf hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti

- Skerpa þarf á umhverfissjónarmiðum s.s. flokkun sorps, innkaupum, fræðslu til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd

Þættir sem mælast hlutfallslega lægri en 80% þegar teknar eru saman einkunnirnar 4- gott, 5- mjög gott og 6- framúrskarandi í einstökum matsþáttum:

- Huga þarf betur að gagnsæi og sanngirni við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að ráða til að bæta gæði náms og kennslu
- Huga þarf betur að sköpun námsumhverfis sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla
- Huga þarf betur að gæðum námsmats og hvernig niðurstöður úr námsmati eru nýttar í þágu nemenda
- Huga þarf betur að samstarfi skólans við samstarfsaðila utan skólans
- Huga þarf betur að gæðum einstaklingsmiðunar og þeirra stuðningsúræða sem skólinn býður nemendum

## Áætlun um sjálfmat 2018-2021

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrjú úr skoska sjálfsmatsefninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Gæðagreinar sem búnir hafa verið til í Árskóla eru merktir með gulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólafar séu birtar.

Skólaár	2018-2019	2019-2020	2020-2021
<b>Haustönn</b>			
	2.3 Nám, kennsla og námsmat	2.3 Nám, kennsla og námsmat	2.1 Nemendavernd
	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar	2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólafarfi
	Mat nemenda á skólafarfi, yngsta stig, nemendagæðagreinir Árskóla	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	2.6 Samfella í skólafarfi
	Mötuneytisgæðagreinir - Árskólagaðagreinir	3.3 Sköpun og starfshæfni	2.7 Samstarf
			2.2 Skólanámskrá

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2018

			2.4 Einstaklingsmiðun
<b>Vorönn</b>			
	Viðburðadagar í skólastarfi - Árskólagæðagreinir	Teymiskennsla - Árskólagæðagreinir	1.2 Forysta í skólastarfi
	Jafnréttisgæðagreinir - Árskólagæðagreinir	Olweusaráætlun - Árskólagæðagreinir	1.3 Breytingastjórnun
		Samvirkni kennara - Árskólagæðagreinir	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
			1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
			Lestrarstefna Skagafjarðar
	Mat nemenda á skólastarfi, jafnréttisgæðagreinir - Árskólagæðagreinir	Mat nemenda á skólastarfi, nemendagæðagreinir - Árskólagæðagreinir	Mat nemenda á skólastarfi, jafnréttisgæðagreinir - Árskólagæðagreinir
	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinir - Árskólagæðagreinir	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinir - Árskólagæðagreinir	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinir - Árskólagæðagreinir
<b>Kannanir</b>			
<b>Nóv.</b>	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk
<b>Okt., des. feb., apríl</b>	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk
	Skólapúlsinn foreldrakönnun		Skólapúlsinn foreldrakönnun
	Skólapúlsinn starfsmannakönnun		Skólapúlsinn starfsmannakönnun
<b>Mái</b>	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks
<b>Júní</b>			
	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla
	gg. Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum	gg. Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum	gg. Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum



**Viðaukar**

Viðauki I árleg skimun starfsfólks í Árskóla, maí 2018

Viðauki II einkunnaskali, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Viðauki I, árleg skimun starfsfólks

Viðauki 1, árleg skimun starfsfólks í maí 2018	1	2	3	4	5	6	Meðaltal	% með eink. 4-6 2018
	Ófullnægjandi	Slakt	Fullnægjandi	Gott	Mjög gott	Framúrskarandi		
2. Er umbótamiðað sjálfsmat óaðskiljanlegur hluti af skólalastarfinu?	0	1	4	24	28	5	62	4,52 92%
3. Á hvaða hátt hefur sjálfsmatið haft áhrif á velgengi og árangur nemenda?	0	0	4	35	15	1	55	4,24 93%
4. Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks í skólalastarfinu?	0	0	5	26	29	4	64	4,50 92%
5. Hversu ábyrgir eru nemendur gagnvart námi sínu?	0	9	13	26	9	0	57	3,61 61%
6. Á hvaða hátt hafa aðferðir okkar til skólapróunar áhrif á árangur nemenda?	0	1	3	32	22	1	59	4,32 93%
7. Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. velferðar starfsfólks, faglegrar leiðsagnar og stýðjandi starfsumhverfis?	0	2	11	21	23	6	63	4,32 79%
8. Hvernig metur þú gagnsæi og sanngirni við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að ráða til að bæta gæði náms og kennslu?	0	6	9	24	13	2	54	3,93 72%
9. Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavernd og öryggismál?	1	1	6	20	29	4	61	4,43 87%
10. Hvernig ábyrgjumst við að stefna skólans skv. skólanámskrá sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólalastarfs?	0	0	7	20	22	6	55	4,49 87%
11. Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum?	0	0	2	25	34	0	61	4,52 97%
12. Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum?	0	4	9	28	18	0	59	4,02 78%
13. Hvernig nýtum við niðurstöður námsmats í þágu nemenda?	0	2	11	30	12	0	55	3,95 76%
14. Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda?	1	2	7	24	19	1	54	4,13 81%
15. Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þau stuðningsúrræði sem skólinn býður nemendum?	0	4	9	16	29	3	61	4,30 79%
16. Hvernig metur þú þátttöku fjölskyldna í skólalastarfinu?	0	5	7	34	14	0	60	3,95 80%
17. Hvernig metur þú hversu árangursrík samfella er í námi nemenda alla skólagönguna?	0	1	8	24	22	0	55	4,22 84%
18. Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldrafforsjáraðila?	0	0	2	27	32	0	61	4,49 97%
19. Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans?	1	2	2	22	32	5	64	4,52 92%
20. Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfsskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)?	1	2	10	25	17	1	56	4,04 77%
21. Hvernig finnst þér skólinn ná að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla?	2	3	10	21	20	2	58	4,03 74%
22. Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri?	0	1	9	28	13	1	52	4,08 81%
23. Hvernig eru aðferðir okkar við að meta hæfni nemenda skv. aðalnámskrá grunnskóla?	0	1	8	24	20	1	54	4,22 83%
24. Hvernig sköpum við nemendum tækifæri til að beita sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum?	0	0	8	23	27	1	59	4,36 86%
25. Hvernig leggjum við áherslu á eflingu lestrar með skýrum markmiðum um kennslu, leiðir og árangur skv. Lestrarstefnu Skagafjarðar?	0	1	1	19	33	3	57	4,63 96%
26. Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og sanngirni er haft að leiðarljósi í skólalastarfinu?	0	0	3	24	34	0	61	4,51 95%
27. Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvörnum gegn einelti og úrvinnslu mála skv. aðgerðaáætlun skólans gegn einelti (Olweus)?	0	0	1	19	38	4	62	4,73 98%
28. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd maraþons 10. bekkjar?	0	0	0	9	37	11	57	5,04 100%
29. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd friðargöngu?	0	1	0	7	40	11	59	5,02 98%
30. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd porrablóts?	0	1	6	18	30	5	60	4,53 88%
31. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttadags?	0	0	6	14	38	2	60	4,60 90%
32. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd Reykjaferðar 7. bekkjar?	0	0	0	10	34	3	47	4,85 100%
33. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaslita?	0	0	1	6	45	8	60	5,00 98%
34. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd pemaðaga?	1	2	6	27	18	0	54	4,09 83%
35. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíða nemenda?	0	0	0	12	36	8	56	4,93 100%
36. Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	0	2	20	37	4	63	4,68 97%
37. Hvernig metur þú samvirkni kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sjónar, miðlunar nýrrar þekkingar, fagstjórnar o.s.frv.)?	0	0	0	29	24	4	57	4,56 100%
38. Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Árskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?	1	0	6	22	31	2	62	4,42 89%
39. Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mótuneyti skólans?	2	6	22	19	10	1	60	3,53 50%
40. Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólalastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	1	12	17	25	8	0	63	3,43 52%
41. Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins?	0	0	3	28	18	1	50	4,34 94%
42. Hvernig líður þér á vinnustað?	0	0	6	14	35	8	63	4,71 90%

**Viðauki II, einkunnaskali, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?***

**Viðauki 3: Sex stiga skalinn**

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

<p><b>Framúrskarandi</b></p>	<p>Einkunnin <b>framúrskarandi</b> merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.</p>
<p><b>Mjög gott</b></p>	<p>Einkunnin <b>mjög gott</b> merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.</p>
<p><b>Gott</b></p>	<p>Einkunnin <b>gott</b> merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.</p>

<b>Fullnægjandi</b>	Einkunnin <i>fullnægjandi</i> merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að vega þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.
<b>Slakt</b>	Einkunnin <i>slakt</i> merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.
<b>Ófullnægjandi</b>	Einkunnin <i>ófullnægjandi</i> merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.